

05.26

## Minningarorð .

Flutt að Núpi í Dýrafirði að morgni 12. júní 1993

Þegar ég lít yfir hópinn sem er saman kominn hér þennan fagra vormorgunn og sé andlit ykkar kunnugleg og kær, hvaðflar hugurinn til þeirra sem ekki eru méðal okkar á þessum dögum.

Að þessu ári sem nú er tæplega hálfnað hafa horfið úr hópi okkar tvær óvenjulega eftirminnilegar konur sem við söknum sárt Sigriður J Ragnar og Magdalena Schram. Ég vil minnast þeirra með örfaum orðum, en hvað get ég sagt sem við höfum ekki þegar fundið til og vitað í hjörtum okka

Ég sagði að þessar konur væru eftirminnilegar. Það eru þær fyrir margra hluta sakir - gæsimennsku - gáfur - orðheppni og skopskyn, en í mínum huga framar öðru fyrir djörfung og þor til að setja fram skoðanir og fylgja þeim eftir með óbilandi baráttubreki.

Báðar gengu þær kvennabaráttunni á hönd. Ung gerði Magdalena þá hugsjón að sinni, en fyrir Sigriði sem var af annari kynslóð, hygg ég að það hafi verið niðurstaða sem lífið leiddi hana að. Þær voru ólika um margt en sameiginlegt áttu þær að standa föstum fótum á menningarlegum grundvelli og þá djúpu lifsnauth sem samskipti við fólk veittu þeim. Við minnumst þessara kvenna sem með alvöru sinni - með gleði - sinni og hlátri - með störfum sínum margvislegum brugðu leiftrum á leið okkar hinna - gáfu okkur gleði og kjark - gáfu okkur minningamyndi sem birtast á hljóðum stundum en ekki síður á gleðistundum. Samfylgdin með þeim varð okkur uppsprettu sem auðgaði hugi okkar og hjörtu.

Við þökkum störf þeirra í þágu Kvennalistans.

Við hugsum til þeirra þegar við erum í sólskini.